

Norðurþing
Gaukur Hjartarson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. október 2013
Tilvísun: UST20131000178/bs

Deiliskipulag - Tillaga - Sorpurðunarstaður í Laugardal við Húsavík. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings dags. 18. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Ráðgert er að urða árlega allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi. Deiliskipulagið er unnið með það að meginmarkmiði að endurnýja starfsleyfi urðunarstaðarins í Laugardal skv. reglugerð nr. 738/2003 um urðun og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.


Urðun úrgangs og haugsetning efnis hefur um árabíl farið fram á fyrirhuguðu urðunarsvæði.


Áhrif á umhverfispætti s.s. landslag, gróður og fuglalíf eru talin verða óveruleg.

Rekstraraðili mun vakta alla umhverfispætti skv. starfsleyfi.

Umhverfisstofnun telur að í umræddri deiliskipulagstillögu sé tekið á öllum þáttum sem mestu máli skipta. Umhverfisstofnun gerir hvorki athugasemdir við umfjöllun né niðurstöðu umhverfisskýrslu.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur